

## **Pungrækjur (Cumacea) á Íslandsmiðum**

Ólafía Lárusdóttir og Jörundur Svavarsson, Líffræðistofnun Háskólans, Askja - Náttúrufræðihús, Sturlugötu 7, 101 Reykjavík og Háskóla- og Háskólasetur Suðurnesja, Garðvegi 1, 245 Sandgerði. [olafial@hi.is](mailto:olafial@hi.is)

Íslandsmið eru afar forvitnilegt hafsvæði með tilliti til dýralandafræði. Eitt af helstu einkennum hafsvæðisins er fjölbreytileg samsetning af sjógerðum, auk þess sem neðansjávarhryggurinn sem liggur milli Grænlands, Íslands og Færeyja mótartafsvæðið verulega. Söðuldýpt hryggjarinn er um 830-860 m og aðskilur hafsvæði sem eru >4000 m djúp. Fyrri rannsóknir hafa sýnt að hryggurinn mótartafsvæði margra dýrahópa og ýmsar tegundir hafa norður- eða suðurmörk útbreiðslu sinnar við hrygginn.

Pungrækjur (Cumacea) eru lítill ættbálkur innan stórkabba (Malacostraca), sem telur aðeins um 1300 tegundir á heimsvísu. Á Íslandsmiðum hafa áður fundist 30 tegundir pungrækja, þar af 21 á grunnsævi (<500 m). Ljóst er að þessi lági fjöldi tegunda er töluvert vanmat á raunverulegan fjölda tegunda á Íslandsmiðum. Helstu upplýsingar um útbreiðslu pungrækja við Ísland eru frá danska *Ingolf*-leiðangrinum, sem farinn var 1895 til 1896.

Markmið rannsókna er að kanna tegundafjölbreytileika og dýralandafræði pungrækja á Íslandsmiðum og hvað mótartafsvæði þeirra. Í tengslum við rannsóknarverkefnið Botndýr á Íslandsmiðum (BIOICE) var í 19 leiðöngrum á árunum 1991-2004 safnað rúmlega 14.000 eintökum af pungrækjum.

Nú þegar hefur fundist ein ættkvísl pungrækja og fjöldi tegunda sem ekki hafa fundist áður hér við land. Meðal þessara tegunda eru nokkrar sem eru að líkindum áður óþekktar tegundir. Útbreiðsla pungrækjanna mótast verulega af tilvist Grænlands-Íslands-Færeyjarhryggjarins og margar tegundir finnast annaðhvort norðan eða sunnan hryggjarins. Ljóst er að þetta rannsóknarverkefni mun efla þekkingu á tegundafjölbreytileika og útbreiðslu pungrækja á Íslandsmiðum.